

Ed.

242. Frumvarp til laga

[145. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Eystra-Stokkseyrarsel og hluta af Vestra-Stokkseyrarseli í Stokkseyrarhreppi.

Flm.: Steinþór Gestsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja frú Önnu Valdimarsdóttur, Stekkum, Sandvíkurhreppi, jörðina Eystra-Stokkseyrarsel og þann hluta Vestra-Stokkseyrarsels, sem hún hefur nú til afnota.

2. gr.

Náist ekki samkomulag um kaupverð, skal það ákveðið af þremur mönnum, sem sýslumaður Árnæssýslu dómkveður.

3. gr.

Þurfi ríkið eða ríkisstofnanir á lóð eða landspildu að halda úr hinum seldu jörðum, á það rétt á að fá hana keypta við sama verði hlutfallslega eins og Önnu var gert að greiða fyrir jarðirnar.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að beiðni frú Önnu Valdimarsdóttur. Jarðeign sú, sem frv. gerir ráð fyrir að seld verði, hefur verið í eyði um sinn, og ekki er talið líklegt, að hún byggist að nýju, en landið liggur vel við Stekkalandi og er nú nytjað þaðan, enda er heimaörðin, Stekkar, frekar landlítill, en vel upp byggð.

Hreppsnefndin í Stokkseyrarhreppi hefur á fundi sínum hinn 1. nóv. 1969 tjáð sig samþykka því, að frú Anna Valdimarsdóttir fengi jörðina keypta, og var sú samþykkt hreppsnefndarinnar samhljóða.

Þá hefur hreppsnefnd Sandvíkurhrepps mælt með hinum ráðgerðu kaupum, og fylgir umsögn hennar hér með sem fylgiskjal.

Fylgiskjal.

Litlu-Sandvík, 11. jan. 1970.

Anna Valdimarsdóttir, Stekkum í Sandvíkurhreppi, hefur farið fram á það við Alþingi, að hún fái ríkisjörðina Stokkseyrarsel í Stokkseyrarhreppi keypta. Jörð þessi hefur verið í eyði undanfarin ár, og er ekki sjáanlegt, að hún muni byggjast, enda er jörðin húsalaus að mestu, liggur ekki vel við sangöngum og er lítt ræktuð.

Anna Valdimarsdóttir býr á frekar lítilli jörð og er með mikið bú. Því hefur hún nú tekið jörðina Stokkseyrarsel I og II á leigu, og hefur hún nú hug á því að fá jörðina keypta, þar sem hún liggur mjög nálægt Stekkalandi, og virðist mjög hagkvæmt að nytja hana þaðan.

Hreppsnefnd Sandvíkurhrepps mælir með því við Alþingi, að Anna fái jörðina keypta, og mundi það bæta aðstöðu hennar mjög til búrekstrar.

Hreppsnefnd Sandvíkurhrepps, 11. 1. 1970.

Lýður Guðmundsson,
oddviti Sandvíkurhrepps.